

## AUGLÝSING

### um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Póllands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, 25/1993, 54/1995, 60/1995, 24/1996, 29/1997, 34/1998 og 29/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

<i>Nr.</i>	<i>Dags.</i>	<i>Efni</i>	<i>Gildistaka</i>
1/2000	05.12.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001
2/2000	05.12.2000	Brottfelling sameiginlegrar yfirlýsingar við bókun B	01.01.2001
3/2000	05.12.2000	Breyting á bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*